

# KJARVAL

Dömu,- herra,- og barnaskór í úrvali.  
Frábært verð!

## Skómarkaður í heimabyggð



ÍM ýsubitar frosnir  
**998**  
kr./kg



Goða súpukjöt  
í poka  
**648**  
kr./kg



**35%**  
afsláttur  
Móa  
kjúklingabringur  
**1943**  
kr./kg



Goða grillborgarar m. brauði 4 stk.  
**538** kr./pk.



Lif safi epla- og appelsínu  
**129** kr./stk.



**33%**  
afsláttur  
Myllu kanilsnúðar  
**229** kr./stk.



Hreysti og Kraftur próteinstangir  
**269** kr./stk.



**20%**  
afsláttur  
Euro Wash þvottaefni 3 kg  
**499** kr./pk.



Diana dömbundi  
**99** kr./pk.



**50%**  
afsláttur  
Gulrætur baby  
**249** kr./pk.



Freyju staurar 2 pk.  
**269** kr./pk.

KJARVAL | Klaustur: Sími: 487 4616 | Vík: Sími: 487 1325 | Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hella: Sími: 585-7585

SJÁ OPUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

# VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## Óska eftir

að taka íbúð á leigu á Kirkjubæjarklaustri fyrir einstakling

Svar óskast í síma 551 0126  
eða 821 6676 fyrir 1. mars.

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru kirkjuskólans næsta laugardag í Víkurskóla  
**kl. 11:15 - 12:00.**

Hlakka til að hitta ykkur.  
Sóknarprestur



SMÁAUGLYSINGAR



## Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar föstudaginn 26. febrúar 2010 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps

[www.vik.is](http://www.vik.is)

Sveitarstjóri



## Sunnudagaskólinn á Klaustri

Munið eftir sunnudagaskólanum,  
**28. febrúar kl. 11.00**  
í Minningarkapellu  
sr. Jóns Steingrímssonar.  
Sóknarprestur

Veraldar er venjan slík að virða hinum betur, þann sem undir finni flík falið úlfinn getur.

Veröld fláa sýnir sig sú mér spáir hörðu. Flestöllum stráin stinga mig stór og smá á jörðu.

Höf: Jón frá Langey

Höf: Vilhjálmur Hölter

**8. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 24. FEBRÚAR 2010**



## 2. Vetrarmót Hestamannafélagsins Sindra

Verður haldið sunnudaginn 28. febrúar 2010  
á reiðvellingum í Vík. Mótið hefst kl 14:00

Kept verður í polla- barna- unglinga- kvenna og karlaflokki.

Mælum eindregið með því að fólk skrái sig fyrirfram á netfangið [solheimar2@simnet.is](mailto:solheimar2@simnet.is) eða í síma 866-0786, það sparar bæði tíma og fyrirhöfn fyrir alla.

Skráningu líkur kl 10:00 á laugardeginum.

*Hlökkum til að sjá sem flesta  
og bjóðum Kópsfélaga sérstaklega velkomna til keppni.*

Mótanefnd

**Minum einnig á Aðalfund Hestamannafélagsins  
í Skálakoti föstudaginn 26. febrúar sem hefst kl 20:30**

Hvetjum ykkur öll til að mæta. Nýir félagar velkomnir.

Minum líka á [www.123.is/sindri](http://www.123.is/sindri)

## Fjórða og síðasta spilakvöldið verður á Halldórskafti fimmtudaginn 25. febrúar.

Vonandi sjáumst við sem flest.  
Allur ágóði fer beint til björgunarsveitarinnar Víkverja  
Spilanevnd Kvenfélags Hvammshepps



### LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 15. til 22. febrúar 2010

Alls voru bókuð 56 verkefni hjá lögreglunni á Hvolsvelli í síðustu viku.

Þrjú umferðaróhöpp voru í vikunni en af þeim voru tvær bilveltur. Engin meiðsl urðu í þessum óhöppum svo vitað sé.

Sjö ökumenn voru stöðvaðir fyrir að aka of hratt en sá sem ók hraðast var á 134 km. hraða.

Enginn var tekinn grunaður um að hafa ekið undir áhrifum áfengis í vikunni en mikið eftirlit var með þessum málaflokki. Þorrablótunum lauk um síðustu helgi og voru ökumenn stöðvaðir á leið á blótin og einnig þegar þau voru yfirgefin. Teljum við að mikið og sýnilegt eftirlit skili sér í þessum efnunum. Erum við ánægðir með að enginn hafi verið stöðvaður undir áhrifum áfengis þessa vikuna.

Nokkuð var um að ökutæki væru óskoðuð og voru nokkrir boðaðir með þau til skoðunar. Í byrjun mars mun verða skoðað í Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

Í vikunni fundust tvær bifreiðar sem höfðu verið tekna ófrjálsri hendi í Reykjavík fyrir alllöngu. Málið er enn til rannsóknar hjá lögreglunni á Hvolsvelli.

*Tekið saman af Guðmundi Inga  
Ingasyni, varðstjóra*

### Netverslunin -

[www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,  
sendi um land allt.*

**Engin sendingarkostnaður innan Íslands**  
*Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með. Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með*

### Á DÖFINNI

**Kvikmyndin Kraftur í  
Kirkjuhvoli kl. 20.30 í kvöld.**

**BORGARAFUNDUR** í félagsheimilinu Kirkjuhvoli fimmtudaginn 25. febrúar 2010 kl. 20:00

**26.02.2010** Aðalfundur hmf Sindra

**27.02.2010** Vetrarmót hmf Sindra í Vík

**05.03.2010** Aðalfundur Samherja félagseldri borgara í Mýrdalshreppi og A-Eyjafjöllum

**25.02. Félagsvist** á Halldórskafti kl. 20.00, kvenf. Hvammsh.

**Aðalfundur** Klaustursdeildar á hóteli Kirkjubæjarklaustri miðvikudaginn 3. mars kl. 20:00

**Prjónakaffið** á Halldórskafti: 4. mars, kl 20:00

**05.03.2010** Aðalfundur Samherja félagseldri borgara í Mýrdalshreppi og A-Eyjafjöllum

**SLÖKUNARNUDD MEÐ ILMMEÐFERÐ  
HLJÓMNUDD \* HUI CHUN GONG**

**Erika I. Pauler  
S. 487 1117  
GSM 693 5891**

### MÁLSHÆTTIR VIKUNNAR

**Einhvern** tíma brennir sig sá sem öll soð vill smakka

**Ekki** er allt fyrir augunum, sem eta skal.

**Enginn** verður af einum bita feitur

**Fleira** má bita en feita steik

**Gleymt** er þá gleymt er

**Allt** er best í hófi

**Allt** er leyfilegt en ekki er allt gagnlegt.

**Seint** verður silkipoki úr svínseyra.

**Sá** verður margs vís er árla rís.

**Þeim** dugar ekki dagur sem dansa fram á nótt.

**Dramb** er falli næst.

**Margur** verður af aurum api.

## Fermingar í Víkurprestakalli í Mýrdal vorið 2010

### Víkurkirkja í Mýrdal

**2. sunnudagur eftir páska, 18. apríl 2010, kl. 13:30.**

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Bjarki Þór Ágústsson	Hátúni 6, 870 Vík
Fjölur Grétarsson	Sigtúni 1, 870 Vík
Ríkharður Sigurjónsson	Mánabraut 12, 870 Vík
Þróstur Bjarni Eyþórsson	Austurvegi 15, 870 Vík

### Skeiðflatarkirkja í Mýrdal

**3. sunnudagur eftir páska, 25. apríl 2010, kl. 13:30.**

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Marínó Freyr Steinþórsson	Ási, 871 Vík
Þósteinn Björn Einarsson	Ytri-Sólheimum 2, 871 Vík

### Reyniskirkja í Mýrdal

**Hvítasunnudagur, 23. maí 2010, kl. 13:30.**

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Einar Guðnason	Þórissholti, 871 Vík
Þorgeir Guðnason	Þórissholti, 871 Vík



## FUNDARBOÐ

### BORGARAFUNDUR

Sveitarstjórn Skaftárhrepps  
boðar til almenns borgarafundar

*í félagsheimilinu Kirkjuhvoli  
fimmtudaginn 25. febrúar 2010  
kl. 20:00*

þar sem kynnt verður tillaga að  
endurskoðun aðalskipulags  
Skaftárhrepps.

*Sveitarstjórn*

# Stofnfundur Suðurlandsdeildar

## Samtaka ungra bænda

Þá er komið að því að stofna Suðurlandsdeild Samtaka ungra bænda (Félag ungra bænda á Suðurlandi).

**Stofnfundurinn verður í Árhúsum á Hellu laugardaginn 27. feb. klukkan 20:30.**

Allt ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára getur orðið aðilar að samtökunum, ekki er skilyrði að vera starfandi bóndi, einungis að hafa áhuga á málefnum landbúnaðar og landsbyggðarinnar.

Stefnt er að léttum og skemmtilegum fundi og einhverju spaugi fram eftir kvöldi.

### Dagskrá stofnfundar

- 1) Fundarsetning
  - 2) Kjör starfsmanna fundarins
    - a) Fundarstjóri
    - b) Fundarritari
  - 3) Lög F.U.B.S. kynnt og borin upp til samþykktar.
  - 4) Kosningar
    - a) 3 í aðalstjórn.
    - b) 3 í varastjórn.
    - c) 2 skoðunarmenn.
  - 5) Tillögur og ályktanir til aðalfundar kynntar og bornar upp til samþykktar.
  - 6) Önnur mál.
  - 7) Fundarslit
- Í tilefni fundarins verður farið í spurningarkeppni þar sem hver sýsla hefur kost á að senda eitt lið (skipað 3 einstaklingum) sem sinn fulltrúa. Sigurvegarinn fær heiðursnafnbótina *Skarpasta Unga Sýsla Suðurlands 2010*.

Húsið opnar kl. 20 og er opið til kl. 01.00. Hægt verður að kaupa léttar veitingar á meðan fundinum stendur.

Undirbúningsnefnd

## Námskeið í markaðssetningu á netinu

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands í samvinnu við Útflutningsráð Íslands og mbl.is mun bjóða upp á námskeið í markaðssetningu á netinu byggt á samnefndri bók sem var að koma út. Kennarar eru Guðmundur Arnar, markaðsstjóri hjá Icelandair og Kristján Már hjá Nordic eMarketing.

Um hvað snýst námskeiðið?

Farið verður yfir helstu samskiptaleiðir netsins á hagnýtan hátt með áherslu á hvernig þær geta skapað miklar tekjur. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þekkingu sem nýtist þeim strax í starfi.

Kennslan byggir á bókinni "Markaðssetning á netinu" en bókin er innifalin í þáttökugjaldi námskeiðsins.

Námskeiðið stendur frá kl. 18:00 - 22:00 þann 8. mars í húsnæði Háskólafélags Suðurlands, Tryggvagötu 36, Selfossi en boðið verður upp á námskeiðin í fjarfundabúnaði í

- \* Vestmannaeyjum - Viska, Strandvegi 50
- \* Vík í Mýrdal - Víkurskóli
- \* Kirkjubæjarklaustur - Kirkjubæjarskóli
- \* Hvolsvöllur - Tónskóli Rangæinga
- \* Flúðir - Félagshemili Hrunamanna

Verð fyrir námskeið og bók er 18.500 kr.

Skráning er hjá Online.is, á netfangið [inga@online.is](mailto:inga@online.is) eða í síma 540 9505 fyrir 5. mars. Skýrt þarf að koma fram hvar viðkomandi hyggst sitja námskeiðið.

Helstu þættir:

- Netið, breytingar og tækifæri
- Staðan í dag
- Vefborðar
- Leitarvélar
- Samfélagsmiðlar
- Kaffi, smá páska og spjall
- Tölvupóstur
- Vefgreiningartól



ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS  
TRADE COUNCIL OF ICELAND

**mbl.is**



## Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands

Sameiginlegur deildarfundur Álftavers-og Meðallandsdeildar, Skaftártungudeildar, Kirkjubæjardeildar, Hörgslandsdeildar og Örafadeildar verður haldinn að Hótel Klaustri **fimmtudaginn 11. mars nk. kl. 20:30.**

Hefðbundin störf deildarfundar.  
Steinþór Skúlason forstjóri mætir á fundinn.

Félagsmenn allra deilda eru hvattir til að mæta.

Deildarstjórar

ATH. breytt dagsetning frá fyrra plani.

## Reyniskirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Reyniskirkju í Mýrdal  
nk. sunnudag, **28. febrúar kl. 14:00.**

Almennur safnaðarsöngur undir stjórn Kristínar Björnsdóttur organista.

Fermingardrengir og foreldrar hvattir til að mæta.

Sóknarprestur

## BINGÓ Í VÍKURSKÓLA !!!


Væntanlegir Danmerkurfarar í Víkurskóla, 8. og 9. bekkur,  
halda bingó í skólanum mánudaginn **1. mars kl. 20.00**

Bingóspjaldið kostar kr. 600.- og í boði eru mjög flottir vinningar!!!

Sjoppa í hléinu



*Sjáumst í bingóstuði*



**Þökkum frábærar móttökur í  
fjáröflun okkar**



## Dagur tónlistarskólanna

Laugardaginn 27. febrúar er Dagur tónlistarskólanna  
haldinn hátíðlegur um allt land.

Það er gert með ýmsum hætti t.d. tónleikum,  
opnu húsi eða hljóðfæraleik um borg og bæ.

**Hjá Víkurskóla - tónskóladeild er ætlunin að hafa tvenna tónleika í  
Leikskálum. Þeir fyrri eru kl. 14:00 og þeir síðari kl. 16:00.**

Miðað er við að tónleikarnir séu í styttra lagi og gefi góða mynd af  
starfinu í skólanum um þessar mundir.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir



Það var hamingjusamur eigandi, hún Ágústa Lind 12 ára, á Snæbýli í Skaftártungu þegar ærin hennar, hún Þokkadís, ásamt lömbum sínum þeim Þorradís og Þorra, fundust inn í Ófærudal á afréttinum 27. janúar sl. Þokkadís kom ekki fram við leitir í haust þrátt fyrir mikla leit. Ærin og lömbin voru mjög vel á sig komin svo þau hafa greinilega haft nóg í sig.

### Þorrablót á Eyrarlandi.

Fyrir gamla Hvammshepps utan Víkur, var haldið í samkomuhúsinu á Eyrarlandi í Reynishverfi sl. laugardag 20. febrúar, á mótum Þorra og Góu.

Seldir miðar á blótið voru 123, verð miða kr. 5.000.-

Veður var allgott, eða bara gott, miðað við árstíð. Norðaustan kulda-  
nepja með 4° frosti, öll jörð marauð og frostlaus.

Þorramaturinn þótti góður, framreiddur af Antoni Viggó Viggósyni. Anton er matreiðslumeistari, starfaði áður á Hvolsvelli, en er nú í Þorlákshöfn.

Skemmtiatriði samin af nefndarfólki,

músík annaðist samkvæmt venju, Magnús Kjartansson, og var þetta 10 blótið á Eyrarlandi sem hann hefur látið dansinn duna.

Má því ætla að hann hafi bundist Reynishverfingum og öðrum gestum tryggðarböndum og þeir honum.

Dúndrandi stuð var í dansinum fram eftir nóttu og lítt slegið af.

Og nú er aðeins eitt blót eftir, sem verður að teljast Góugleði, þ.e. næsta laugardag í Hólaskjóli hjá jeppa-klúbbnum 4x3.

Vonandi að þeir fái gott veður eins og blóttarar hafa hingað til notið. E



**Rauði kross Íslands**  
Klaustursdeild

## **Aðalfundur Klaustursdeildar og grunnnámskeið Rauðakrossins verður haldið á hótél Kirkjubæjarklaustri miðvikudaginn 3. mars kl. 20:00**

Námskeiðið hefst kl. 20:00. Það er fyrir sjálfbóðaliða og aðra sem vilja starfa með félaginu eða kynna sér starfsemi þess. Farið er yfir í stuttu máli sögu, markmið og stefnu Rauða krossins og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan.

**Strax að loknu námskeiði verður aðalfundur  
Klaustursdeildar haldinn.**

**Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.**

Kaffiveitingar í boði deildarinnar. Allir velkomnir. Sjálfbóðaliðar og aðrir áhugasamir sérstaklega hvattir til að mæta.

Stjórnin.

## **Pizzakvöld**

### **Á Systrakaffi**

Jæja, nú eru flestir búnir að borða sig fulla af þorramat og viljum við því bjóða sveitungum okkar upp á meira „nýmóðins“ mat sem flestir þekkja undir nafninu pizzur. Ætlum við því að hafa opið föstudagskvöldið 26. febrúar.

**Opnum kl. 18**

